

# Minjasafn Austurlands



Ársskýrsla 2012

# Minjasafn Austurlands

## Ársskýrsla 2012



**MINJASAFN AUSTURLANDS**

© Minjasafn Austurlands

*Forsíðumynd: Teiknað og málað í Kjarvalshvammi*

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2012

Skýrslur Minjasafns Austurlands XXIII

ISSN 1670-8059

## EFNISYFIRLIT

<b>Opnunartími safnsins .....</b>	<b>4</b>
<b>Starfsmannahald .....</b>	<b>4</b>
<b>Húsnæðismál og rekstur .....</b>	<b>4</b>
<b>Styrkveitingar .....</b>	<b>5</b>
<b>Grunnsýning .....</b>	<b>5</b>
<b>Aðrar sýningar.....</b>	<b>6</b>
<i>Kraftaverk austfirskra kvenna sýna tíma tvenna .....</i>	<i>6</i>
<i>Ekki snerta jörðina - Leikir barna.....</i>	<i>6</i>
<i>Austfirskar gersemar .....</i>	<i>7</i>
<i>Endurfundir.....</i>	<i>7</i>
<i>Skápurinn á 3. hæðinni.....</i>	<i>7</i>
<i>HSA .....</i>	<i>8</i>
<b>Safnfræðsla .....</b>	<b>8</b>
<b>Uppákomur og viðburðir.....</b>	<b>9</b>
<i>Öskudagssmiðja .....</i>	<i>9</i>
<i>Íslenski safnadagurinn.....</i>	<i>10</i>
<i>Ráðstefnur, námskeið og fundir.....</i>	<i>10</i>
<b>Samstarfsverkefni.....</b>	<b>10</b>
<i>Ljósmyndasafn Austurlands .....</i>	<i>10</i>
<i>Ljóðabærinn Egilsstaðir .....</i>	<i>11</i>
<b>Gestafjöldi.....</b>	<b>11</b>
<b>Stjórnarstörf .....</b>	<b>11</b>
<b>Aðföng.....</b>	<b>11</b>

## Opnunartími safnsins

Yfir vetrartímann til vors 2012 var safnið með auglýstan opnunartíma virka daga kl. 13-16 þó að tekið hafi verið á móti gestum utan þess. Sumaropnun var virka daga kl. 13-19 og laugardaga kl. 10-16 frá 1. júní til 31. ágúst.

## Starfsmannahald

Elfa Hlín Pétursdóttir safnstjóri, var í launalausum leyfi og sinntu tveir starfsmenn í hlutastarfi verkefnum hennar á meðan eða út september. Michelle Lynn Mielnik var í 60% stöðu sem staðgengill safnstjóra og 10% sem safnkennari. Beata Fabian hafði 40% stöðu sem staðgengill safnstjóra og 30% sem safnvörður.

Edda Björnsdóttir var safnvörður í 50% starfi í janúar en bætti við sig 10% í 10 mánuði vegna þjónustusamnings við Breiðdalssetur.

Heiða Ösp Árnadóttir hætti í ræstingum og var Beata Fabian ráðin í stað hennar í 40% starf við ræstingar í Safnahúsinu.

Elfa Hlín Pétursdóttir sagði stöðu sinni sem safnstjóri lausri í mars.

Beata Fabian var ráðin í 50% stöðu safnvarðar frá 1. október.

Staða Michelle Lynn Mielnik sem safnkennara var lögð niður frá og með 1. október vegna fjárhagskorts safnsins og lét hún þá af störfum.

Unnur Birna Karlsdóttir, sagnfræðingur, var ráðin safnstjóri og tók við stöðunni 1. september.

## Húsnæðismál og rekstur

Lítið hefur gerst í byggingarmálum Safnahúss og er burst nr. 2 því enn einungis hálfgerð. Sá hluti hússins hýsir munageymslu Minjasafnsins og vinnuáðstöðu almennra starfsmanna þess. Í þeim hluta hússins hefur um árabíl verið viðvarandi lekavandamál, einkum í stórrigningum og mikilli hláku, en yfir því er flatt þak sem á sínum tíma var lagður plastdúkur á og síðan tyrft yfir. Hluti ytra byrðis þessa hluta hússins hefur aldrei verið klæddur með samskonar viðarklæðningu og aðrir hlutar hússins og þegar betur er að gáð er ýmislegt fleira í fráganginum sem ber þess merki að hafa verið hugsað til bráðabirgða á sínum tíma.

Vandræði hafa verið með loftræstikerfið – kælingu og rakastillingar – og hefur fallið til viðhaldskostnaður vegna þessa. Safnstjórar safnanna þriggja í húsinu sendu í lok ágúst beiðni til ýmissa félagsamtaka, s.s. Rótarý, Lions, Oddfellow og kvenfélaganna, um fjárhagslega

aðstoð til að bæta aðgengi almennings með því að koma upp lyftustokknum. Þeirri viðleitni var kurteislega svarað en ekki unnt að vera við beiðni um fjárhagsaðstoð.

## Styrkveitingar

Safnasjóður styrkti rekstur Minjasafnsins um 1.000.000 kr. Einnig veitti safnasjóður styrk til ýmissa verkefna á vegum Minjasafnsins. Í textílsýningu byggða á munum úr safnkostinum og samvinnu við nærsamfélagið fengust 400.000 kr. Til að hefja rannsókn á útskornum gripum voru veittar 440.000 kr. og 100.000 kr. vegna ljósmyndanámskeiðs fyrir börn. Vegna þjónustusamninga við Breiðdalssetur, Heilbrigðisstofnun Austurlands og Ljósmyndasafn Austurlands fékkst 300.000 kr. viðbótarstyrkur.

Menningarráð úthlutaði 300.000 kr. til Minjasafns Austurlands vegna samstarfs við nærsamfélagið fyrir sumarsýninguna um textíl, „Kraftaverk íslenskra kvenna sýna tíma tvenna.“

Barnamenningarsjóður styrkti verkefni um heyslátt sem unnið var með unglingum í vinnuskóla Fljótisdals. Náði sú upphæð, 150.000 kr., til að greiða kaup eða leigu áhalda og hests auk leiðbeinanda og akstur.

Alcoa Fjarðarál veitti samfélagsstyrk, að upphæð 150 þús., kr. vegna ljósmyndanámskeiðs fyrir börn.

Ný stjórn Sjóðs Kaupfélags Héraðsbúa fékk endursenda beiðni um styrk vegna KHB sýningar 2011 um sögu kaupfélagsins og áhrif þess á líf fólks á Héraði og víðar á Austurlandi. Nýja stjórnin ákvað að styrkja gerð þeirrar sýningar um 100.000 kr.

## Grunnsýning

Núverandi grunnsýning safnsins, Sveitin og þorpið, var opnuð árið 2006 og því komin nokkur reynsla á hana. Smávægilegar breytingar hafa verið gerðar, s.s. endurraðað í einn glerskápinn þar sem nú eru sýndar ýmsar gersemar safnsins, svæði sett upp til fróðleiks um lækningar og heilsugæslu og safnvísirinn þýddur yfir á frönsku. Lítils háttar tímabundnar breytingar voru gerðar á grunnsýningunni í sumar vegna textílsýningarinnar, aðallega tilfærslur og viðbætur til að vekja enn meiri athygli á fjölbreyttum verkum austfirskra kvenna.

## Aðrar sýningar

### Kraftaverk austfirskra kvenna sýna tíma tvenna

Sumarsýning 2012 var sett upp til heiðurs hinum duglegu og listrænu austfirsku konum sem unnu margbreytileg og fögur verk með fjölbreyttum aðferðum þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Sýningin var unnin í samstarfi við íbúa úr nærsamfélagi safnsins og vakti bæði athygli og ánægju þeirra gesta sem hana skoðuðu. Safnverðir unnu hörðum höndum að því að mynda, meta, skrá og velja textilmuni úr safnkostinum í samvinnu við Katrínu Jóhannesdóttur, kennara í Hússtjórnarskólanum í Hallormsstað, sem fengin var til aðstoðar við hönnun og uppsetningu sýningarinnar. Handavinnufólk, m.a. úr sameiginlegum handavinnustundum í Hlymsdölum, félagsstarfi eldri borgara og fleiri, lögð hönd á plóg við gerð kynningarmyndbands um ýmis vinnubrögð í handavinnu sem notuð eru í dag, t.d. orkeringu, knipl, hekl, vattarsaum, glitsaum, pennasaum og margt fleira. HS Tókatækni sá um upptökurnar, klipping, uppsetningu og útgáfu myndbandsins sem sýnt var á 3.hæð fyrir framan Bókasafnið. Kynningin tekur rúmlega 20 mínútur og hafa mjög margir gestir, bæði konur og karlar, sýnt henni mikinn áhuga með því að sitja og horfa á hana alla, jafnvel oft en einu sinni. Í skápnum á 3.hæðinni og í nokkrum borðum með glerplötu voru einnig til sýnis lánsmunir frá íbúum úr nærsamfélaginu, sýnishorn um ýmis konar handavinnu nútímans. Formleg opnun var 17.júní að gömlum sið og mættu yfir 200 manns til að skoða hana strax þann daginn. Sýningin stóð til 1.september, en vegna talsverðrar eftirspurnar var ákveðið í lok sumars að fjölfalda kynningarmyndbandið og hafa það til sölu í safnbúðinni.

### Ekki snerta jörðina - Leikir barna

Farandsýningin *Ekki snerta jörðina!* var samstarfsverkefni safna og 5.bekkinga víðs vegar um landið undanfarin 3 ár. Sýningin er afrakstur rannsóknar sem gerð var til að prófa nýja aðferð á Íslandi í upplýsingasöfnun, og kallast sú aðferð "sam tímasöfnun". Einnig var unnin vefsíða í tengslum við niðurstöður rannsóknarinnar um leiki barna [www.thjodminjasafn.is/ekki-snerta-jordina/](http://www.thjodminjasafn.is/ekki-snerta-jordina/).

Sýningin var snertisýning í boði Minjasafns Austurlands í Safnahúsinu á Egilsstöðum ásamt fleiru sem tengdist leikjum barna. Gestum gafst kostur á að spreyta sig í ýmsum spilum og leikjum auk þess að skoða minjagripi tengda leikjum barna áður fyrr og fræðast um rannsóknina sjálfa. Sýningin var opnuð formlega á Egilsstöðum

Verið velkomin á opnun farandsýningarinnar

# Ekki snerta jörðina!

LEIKIR 10 ÁRA BARNNA

Formleg opnun í Safnahúsinu á Egilsstöðum.  
Verið velkomin á opnun sýningarinnar *Ekki snerta jörðina!*  
kl. 18:30 þriðjudaginn 13. mars.

Hlökkum til að sjá þig!

[www.thjodminjasafn.is/ekki-snerta-jordina/](http://www.thjodminjasafn.is/ekki-snerta-jordina/)

Þjóðminjasafn Íslands  
National Museum of Iceland

Minjasafn Reykjavíkur

MINJASAFN AUSTURLANDS

MINJASAFN ÍS. Á AKUREYRI

BYGGINGASAFN AKUREYRI

Lækningaminjasafn Íslands í Nesi

Þjóðminjasafn Austurlands

Þriðjudagskvöld 13.mars og mættu um 30 manns á opnunina. Allir sem mættu á opnunina fengu Íslendingaspil eða dúkkúlur við brottför. Sýningin stóð út mars og lokkaði að ýmsa skólahópa og unga gesti.

## Austfirskar gersemar

Sumardaginn fyrsta var formlega opnuð skjásýning um nokkrar gersemar sem eru varðveittar hjá Þjóðminjasafni Íslands, en Minjasafn Austurlands hefur hvorki nægilegt rými né hæfilegar aðstæður til að fá lánaðar á sýningu. Skjásýningin er á íslensku og ber heitið *Austfirskar gersemar*. Að þessu sinni er um að ræða myndir og fróðleik um Valþjófsstað í Fljótsdal (einkum hurðina), Miðhúsasilfrið og Kirkjubæjarkirkju í Hróarstungu (skírnarfont, altarisbrík o.fl.). Sýningin, sem er rúmlega 20 mín. að lengd var í gangi á opnunartíma safnsins, á stóru tjaldi í fyrstu, síðan á skjá. Starfsmannahópum fyrirtækja var boðið að koma í hádeginu gegn mjög lágu gjaldi til að fá smá kynningu á hugmyndina á bak við sýninguna auk fræðslu um viðfangsefni hennar og voru nokkur fyrirtæki sem nýttu sér boðið. Áætlað var að þýða sýninguna yfir á ensku og pólsku fyrir sumarið til að erlendir ferðamenn gætu líka fræðst um þessi viðfangsefni, en hvorki gafst tími né fjármagn í það. Viðbrögð við þess konar lausn (vegna muna sem erfitt er að fá lánaða á sýningu) voru hins vegar mjög góð og vonast er til að þessi sýning verði sett inn á heimasíðu safnsins í vetur, en önnur viðfangsefni tekin fyrir næsta vor. Þegar hafa komið nokkrar hugmyndir, t.d. Þórisárkumlið, Fjallkonan, beinin sem fundist við Gálgaklett og fleira.

## Endurfundir

Munir frá uppgreftinum á Skriðuklaustri sem hafa verið til sýnis síðan sumarið 2011 fengu að vera áfram til sýnis á Minjasafni Austurlands í sumar, einkum vegna þess að haldin var sýning í Skriðuklaustri í tilefni þess að uppgrefti væri lokið og svæðið tilbúið með fræðandi upplýsingum fyrir gesti, auk þess sem Steinunn Kristjánsdóttir gaf út bók um rannsóknirnar á Skriðuklaustri. Bókin heitir *Sagan af klaustrinu á Skriðu* og það er Sögufélag sem gaf út.

## Skápurinn á 3. hæðinni

Ýmislegt hefur verið til sýnis í glerskápnum á 3.hæð í samráði við Bókasafn Héraðsbúa. Í jan.-feb. skreyttu bókamerki skápurinn og voru þau af ýmsum litum og gerðum, bæði handunnum og keyptum. Í mars gátu gestir séð spil og leikföng barna frá ýmsum tímum, s.s. myllu sem framleidd var af Leikfangagerð Akureyrar, litla saumavél sem virkar ef hjólinu er snúið, Fisher-price hringekju með plastfólki, trébíla og að sjálfsgögðu leggi og skeljar. Næst gátu gestir skoðað smá sýnishorn af stytum eftir Svein Einarsson. Samhliða sumarsýningu um textíl voru lánsmunir til sýnis, frá íbúum úr nærsamfélaginu, fjölbreytt úrval sem dæmi um ýmis konar vinnubrögð í handavinnu í nútímasamfélagi okkar.

## HSA

Um áramótin var skrifað undir samstarfssamning við Heilbrigðisstofun Austurlands um sýningar í biðstofum Heilsugæslustöðvarinnar á Egilsstöðum. HSA sá um að útbúa lokaðan kassa með glerloki og útbúa lítið svæði fyrir fróðleik, fræðslu og muni í tengslum við valin þemu. Fyrsta þemað var Ljósmaður og barnsfæðingar. Safnkennari / staðgengill safnstjóri og hjúkrunarforstjóri heilsugæslustöðvarinnar, Halla Eiríksdóttir, unnu saman að hugmyndum um fræðslu og útfærslu fyrir biðstofuna. Hengdar voru myndir af ljósmaðrum og fleiru á vegg, búnar til lítil hefti með fróðleiksmolum og sögum um ljósmaður og fæðingar, tekin voru viðtöl við eldri borgara í tengslum við þemað og nokkrir valdir munir hafði til sýnis. Einnig er bók þar sem gestir eru hvattir til að skrifa reynslusögur sínar. Vegna anna dróst að ljúka kassagerðinni, en restin af sýningunni var tilbúin í lok febrúar og munirnir bættust við fyrir páska. Ákveðið var því að halda þessu þema fram á haustið, en þá yrði næsta skoðað, t.d. tannlækningar, dauðann eða annað. Að sögn starfsmanna í afgreiðslu hafa gestir haft gaman af sýningunni og hafa komið upp hugmyndir um að bjóða upp á slíkt í fleiri biðstofum á heilbrigðisstofnunum á Austurlandi.

## Safnfræðsla

Eftirspurn skólahópa og annarra eftir að komast í skipulagðar þematengdar heimsóknir á safnið eða fá fræðslu safnkennara út í skólana var enn mikil á leikskólastigi, grunnskólastigi, menntaskólastigi og meðal handverks- og nýsköpunarhópa á svæðinu. Því miður var þó mjög takmarkaður tími til safnaheimsókna þar sem safnkennari sinnti einnig verkefnum safnstjóra fram að 1.september, og hafði stjórn safnsins tekið ákvörðun um að leggja safnkennarastöðuna niður frá og með 1.október vegna fjárhagserfiðleika. Þeir kennaranemar sem kynntu sér safnfræðsluna eftir áramót vegna verkefna í námi voru heillaðir af áhuga og árangri nemenda. Helstu viðfangsefni safnfræðslunnar eftir áramót voru þorrinn, matur og áhöld, leikir barna, skemmtanir og dans í gegnum aldirnar og íþróttir fornmanna.


Vegna niðurskurðar varð að hætta við að taka á móti vinnuskólanemendum Fljótsdalshéraðs í uppgrafarverkefni í safnfræðslu í sumar. Síðasta safnfræðslutengda verkefni safnkennara að sinni var því unnið með nemendum Vinnuskólans í Fljótsdal, *Heyskaparhættir áður fyrir* með áðurnefndum styrk frá Barnamenningarsjóði. Vinnuskólanemendur í Fljótsdal komu í heimsókn á Minjasafn Austurlands fyrir hádegi fimmtudaginn 5.júlí sl. Safnkennarinn, Michelle Mielnik, tók á móti þeim og sýndi þeim ýmis amboð tengd heyslætti og sumarstörfum frá fyrri árum. Nemendur skoðuðu einnig myndaspjöld og fræddust um heyskaparhætti með gamla laginu, fyrir daga traktora. Þeir ræddu um þróun verkfæra og uppfinninga í tengslum við viðfangsefnið.



Eftir hádegið fengu nemendur tækifæri til að prófa af eigin raun að slá blett við Végarð í Fljótsdal með orfi og ljá. Aðalsteinn Aðalsteinsson, bóndi frá Vaðbrekku í Jökuldal, kenndi nemendum tókin við sláttinn, allt frá því að setja ljáinn á orfið, í að brýna og slá, raka, saxa í föng, binda í bagga og setja á klyfbera á hesti sem teymdur var um svæðið í lokin. Ekki var annað að sjá en að bæði nemendur og fullorðnir hafi skemmt sér vel og lært heilmikið af verkefninu. Sumir voru viljugir að prófa þessa aðferð áfram en aðrir óskuðu eftir gömlu góðu sláttuvélinni eða traktorinum með tilheyrandi græjum til aukinna afkasta og þæginda.

Myndatökustjóri, Hjalti Stefánsson, var til staðar bæði í fræðslustund á safninu og á vettvangi og tók hann myndir og viðtöl við nemendur, safnkennara og leiðbeinanda. Örstutt brot frá verkefninu kom fram í lok kvöldfréttatímans RÚV föst.6.júlí .

Samtals á tímabilinu janúar-ágúst hlutu einungis **636** einstaklingar í **40** hópum safnfræðslu af einhverju tagi, mun færri en höfðu óskað eftir að fræðslu, sbr. fyrrgreindar ástæður fyrir því að fækka þurfti heimsóknnum. Eftirfarandi súlurit sýnir fjölda þeirra er tóku þátt í safnfræðslu á vegum Minjasafns Austurlands á tímabilinu janúar-ágúst 2012 og er sýnt hve margir þeirra sóttu fræðslu á safnið, fengu fræðslu til sín eða tóku þátt í almenningsfræðslu eða námskeiðum.



## Uppákomur og viðburðir

### Öskudagssmiðja

Föstudag 17.febrúar var gestum boðið að koma í Safnahúsið og fræðast um



öskudag og ýmsa siði í Dymbilvikunni. Gestir voru fáir líklega sökum þess að veður var frekar leiðinlegt þennan dag, en nokkrir gestir á ýmsum aldri mættu og saumuðu sér öskupoka.



## Íslenski safnadagurinn

Sunnudagur 8. júlí var íslenski safnadagurinn og hélt Minjasafn Austurlands upp á daginn með víkinga- og textíltengdum viðburðum í samstarfi við Félag áhugamanna um Hrafnkelssögu og sögutengda ferðapjónustu. Félagið hafði staðið fyrir námskeiði þar sem þátttakendum var kennt að sauma sér víkingaklæðnað, en

Leikfélag Fljótsdalshéraðs tók þátt í því námskeiði og undirbjó leikþátt um Hrafnkelssögu Freysgoða. Brot úr þættinum var sýnt við Safnahúsið á safnadeginum, auk þess sem hannyrðakonur úr grenndinni mættu á staðinn til að sýna orkeringu, knipl og vattarsaum og kenna áhugasömum gestum tökin.

## Ráðstefnur, námskeið og fundir

### *Orkering*

Haldið var framhaldsnámskeið í orkeringu seinni part dags á fimmtudögum í mars og var Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir leiðbeinandi. Þátttakendur voru einungis 4 þar sem 2 hættu við á síðustu stundu. En búin voru til hálsmen og fleira fallegt skraut með hnútum, bogum, laufum og perlum.

## Samstarfsverkefni

### Ljósmyndasafn Austurlands

Ljósmyndasafn Austurlands hefur verið í góðu samstarfi við Minjasafn Austurlands eins og undanfarin ár. Að þessu sinni voru valdar og hengdar upp ljósmyndir sem sýndu dæmi um heimasaumaðan fatnað í tengslum við textílsýningu Minjasafnsins.

## Ljóðabærinn Egilsstaðir

Fyrir nokkrum árum var byrjað að setja ljóðabrot á nokkrum stöðum á veggi bæjarins. Hefur sveitarfélagið ákveðið að halda áfram með það verkefni og styrkja það með árlegu framlagi. Safnahúsið sendir einn fulltrúa fyrir sig á fund með mennta- og menningarmálafulltrúa sveitarfélagsins og fulltrúa íbúa. Að þessu sinni tók Michelle, staðgengill safnstjóra, að sér að vera fulltrúi Safnahússins. Þemað var „Krummi“ og var ákveðið að börn í elstu árgöngum í leikskólum og í 4.bekkjum grunnskóla sveitarfélagsins mættu semja ljóð sem hengd voru með límstöfum upp á veggi víðs vegar um bæinn. Hefur þetta framtak vakið talsverða athygli innlendra sem og erlendra gesta, auk þess sem heimamenn hafa margir hverjir mjög gaman af að sjá verk eftir nágranna sína til sýnis um allan bæ.

## Gestafjöldi

Innlendir og erlendir gestir sem komu á safnið á árinu voru rúmlega áttahundruð og rúmlega sexhundruð greiddu aðgangseyri, þ.e. komu á sumartíma (en eftir áramót og fram á vor árið 2012 var aðgangur ókeypis að safninu en gjald tekið yfir sumarmánuði). Ljóst er að sækja þarf á varðandi sýningahald sem dregur að sér ferðamenn. Söfn keppa við aðra afþreyingu um athygli ferðamanna á sumrin og veðurfar hefur líka sitt að segja um aðsókn á söfn. Sumarið er tími útivistar og náttúruskoðunar og þann þátt þarf að skoða í samhengi við aðsókn að söfnum.

## Stjórnarstörf

Á árinu 2012 voru haldnir 8 stjórnarfundir, þar af einn símafundur. Í stjórn sitja Sigurjón Bjarnason (stjórnarformaður), Baldur Grétarsson og Gunnhildur Ingvarsdóttir fyrir Fljótsdalshérað, Kristjana Björnsdóttir fyrir Borgarfjörð eystri og Þórdís Sveinsdóttir fyrir Fljótdalshrepp. Varamenn kallaðir til á fundi voru Þorgeir Arason og Margrét Dögg Guðgeirsdóttir (Fljótsdalshérað) og Gunnar Jónsson (Fljótdalshreppur). Fundargerðir stjórnar má nálgast á heimasíðu Minjasafnsins ([minjasafn.is](http://minjasafn.is)), sjá þar um útgefið efni.

## Aðföng

Upplýsingar um aðföng á árinu 2011 og 2012 munu koma í ársskýrslu 2013.